

# Fundargerð 47. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 10. október kl. 10:30 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar á Hilton Nordica Reykjavík hóteli.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Anna Lind Ragnarsdóttir, Sigrún Árnadóttir og Páll Björgvin Guðmundsson. Steinunn María Sveinsdóttir tók þátt í síma.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir og ritaðu hún fundargerð.

Fundargerð var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Ályktun aðalfundar vegna ógildingar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á starfs- og rekstrarleyfum fiskeldisfyrirtækja í Tálknafirði og Patreksfirði. - 1809001SU

Formaður lagði til eftirfarandi tillögu að ályktun vegna aðalfundar samtakanna, sem hefst kl. 12:15 í dag:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga fagna því að samstaða náðist í gær á Alþingi um lagasetningu til að léttu tímabundið á óvissu um fiskeldisstarfsemi á sunnanverðum Vestfjörðum, en lýsa jafnframt yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Sú óvissa sem enn er uppi hefur gríðarleg áhrif á rekstur og fjármögnunarmöguleika innan greinarinnar auk þess sem þeirri jákvæðu byggðapróun sem fylgt hefur fiskeldinu er stefnt í tvísýnu. Undanfarna áratugi hafa byggðarlögin, sem um ræðir, glímt við viðvarandi fólksfækkun og einhæfni í atvinnulífi. Með núverandi ástandi er sóknarfærum þeirra og framtíðarmöguleikum til uppbyggingar stefnt í voða. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, sem að standa 28 sveitarfélög, skora á stjórnvöld að taka lög, reglur og alla málsmeðferð varðandi málaflokkinn til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum að tryggja starfsfrið og fyrirsjáanleika í atvinnuuppbyggingu til lengri framtíðar. Aðalfundurinn minnir á að fram til þessa hefur ríkt sátt um skiptingu landsins í fiskeldissvæði meðfram ströndum þess. Mikilvægt er að sú sátt haldi þannig að hægt verði vinna markvisst að áframhaldandi uppbyggingu á sjálfbæru fiskeldi innan þeirra svæða, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að slík starfsemi sé leyfileg.

*Samþykkti stjórn þessa tillögu formanns.*

### 2. Uppstilling nýrrar stjórnar 2018-2020 - 1809001SU

Formaður kynnti eftirfarandi tillögu að aðalmönnum í stjórn á næsta starftímabili:

Gauti Jóhannesson Djúpavogshreppur, formaður  
Rebekka Hilmarisdóttir, Vesturbyggð  
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvík  
Liv Áase Skarsgaard, Akranes

Fannar Jónasson, Grindavík

Þá kynnti formaður eftirfarandi tillögu að varamönnum fyrir næsta starfstímabil:

Karl Óttar Pétursson, Fjarðabyggð  
Guðbjörg Bergmundsdóttir, Súðvíkurhreppur  
Þorgeir Pálsson, Strandabyggð

Formaður gerði grein fyrir því, að að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem ber s.s. vegna landshluta- og kynjahlutfalla í stjórn, þá hefði vart verið um aðra niðurstöðu að ræða m.v. samsetningu þess hóps sem hefði gefið kost á sér til stjórnarsetu. Ljóst væri enn fremur að mikil endurnýjun væri að eiga sér stað, þar eð allir stjórnarmenn að formanni undanskildum væru að segja skilið við sveitarstjórnarmálin og hefði hann af þeirri ástæðu verið hvattur til að gefa áfram kost á sér.

*Tillaga formanns að uppstillingu stjórnar 2018-2020 samþykkt.*

### **3. Farið yfir starfsemi samtakanna á starfstímabili stjórnar og áherslur ræddar til næstu tveggja ára. - 1811003SU**

Stjórn fór yfir starfsemi síðustu tveggja ára og ræddi áherslur til næstu tveggja ára, en ljóst er að næstu stjórn bíða aðkallandi verkefni vegna m.a. hlutdeildar sveitarfélaga í auðlindagjaldi og fiskeldis. Lagði Páll Björgvin í ljósi þess til, að stjórn gerði í fjárhagsáætlun 2019 og 2020 tillögu um fjármuni til kynningarstarfs og aðkeyptrar sérfræðivinnu.

*Samþykkti stjórn að gera tillögu um 2 m.kr. 2019 og 2020 til aðkeyptrar sérfræðipjónustu og 2,5 m.kr. og 1,5 m.kr. til kynningarstarfs 2019 og 2020. Gengið verður sem því nemur á innstæður samtakanna.*

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Gauti Jóhannesson

---

Baldur Smári Einarsson

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Fannar Jónsson

---

Liv Aase Skarstad